

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Vestmannaeyjabæ.

Deiliskipulag á hafnarsvæði H-1.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar á fundi sínum þann 23. júlí 2015 tillögu vegna deiliskipulags á hafnarsvæði H-1.

Deiliskipulagssvæðið er um 14,7 ha að stærð og afmarkast af höfninni í norðri og Strandvegi 12 í austri. Mörkin fylgja svo Strandvegi í suðri til vesturs með mörkum deiliskipulags miðbæjarins vestur fyrir Strandveg 102.

Áður samþykktar deiliskipulagsáætlanir innan ramma deiliskipulagsins falla út við gildistöku þessarar auglýsingar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 17. ágúst 2015,

Sigurður Smári Benónýsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 1. september 2015